

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 135/825
komudagur 5.12.2007

Reykjavík, 3. desember 2007
HJ/SLB/021/07

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum, 149. mál.

Vísað er til bréfs, dags. 13. nóvember 2007 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreint frumvarp.

Þær athugasemdir sem stofnunin hefur fram að færa eru eftirfarandi:


Í 4. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að foreldrar geti ákveðið að barn eigi lögheimili hjá þeim báðum en það hefði í för með sér að þeir teldust báðir framfærendur þess. Í 11. gr. frumvarpsins er síðan gert ráð fyrir breytingu á lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 og lögum um lögheimili nr. 21/1990 til samræmis við þetta ákvæði.

Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir breytingu á ýmsum ákvæðum í lögum um almannatryggingar nr. 100/2007 og lögum um félagslega aðstoð nr. 99/2007 sem kveða á um greiðslur til framfæranda barns. Það skiptir oft höfuðmáli varðandi rétt til greiðslna vegna barns samkvæmt þessum lögum hver sé framfærandi þess þar sem hann er þá viðtakandi greiðslna. Ef ætlunin væri að breyta því hver telst framfærandi barns þannig að foreldrar gætu báðir verið það þyrftu að koma til viðeigandi breytingar á lögum þessum þar sem m.a. væri tekið á því hvort eða hvernig greiðslur ættu að skiptast milli foreldranna eða hvort greiða eigi þeim báðum fullar greiðslur.

Þær greiðslur sem einkum þarf að hafa í huga í þessu sambandi eru barnalífeyrir, mæðra- og feðralaun, umönnunargreiðslur með börnum, uppbót vegna kaupa á bifreið, styrkur til kaupa á bifreið og styrkur vegna hjálpartækja.

Á það skal einnig bent að af 11. gr. frumvarpsins má ráða að gert sé ráð fyrir því að þrátt fyrir að barn sé með lögheimili hjá báðum foreldrum sínum geti annað þeirra verið að greiða hínu meðlag með því. Þar sem Tryggingastofnun ríkisins er skylt að hafa milligöngu um meðlagsgreiðslur skv. 67. gr. barnalaga og 63. gr. almannatryggingalaga þyrfti að liggja ljóst fyrir hvort og/eða hvenær væri úrskurðað eða staðfest samkomulag um meðlagsgreiðslur þegar foreldrar barns teljast báðir framfærendur þess á grundvelli þess að það er með lögheimili hjá þeim báðum.

Virðingarfyllst,



Sigríður Lilly Baldursdóttir
starfandi forstjóri

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

